Botnar við vísuhelminga er birtust í 3. Tölublaði

Ásar. I

Vernda skulum vinur kjær
von sem kulið hrekur

II

Upp við strandir aldan deyr
ei sú grandast „ vissa „ — „

Svo bið eg fjelagsmenn að botna

I

Mjer finst vandi að tendra tón
búar blandast hyggja

II

Óma dís við óðar grín
eg mjer kys að lifa

Sigtrg Benediktsson



# Ásar

Blað U. M. F. Framtíðin

2. Árgangur 1920

Ritstj. Jón Einarsson

# Ásar

## Blað. U. M. F. Framtíðin

2 árg 1920 1. tbl. ~~1920~~

## Kappsláttur

Alt fram að síðustu tímum hefir slátturinn svo að segja haldist óbreittur verið því nær framfaralaus frá fyrstu tímum Íslandsbygðar. Nokkur breyting varð þó þegar Íslenskir ljáirnir hurfu úr sögunni og útlendir komu í staðinn. En þegar tekið er til lit til allra þeirra árhundraða sem eru síðan landið bygðist og sláttur fyrst tíðkaður, þá er sú breyting mjög smávægileg. Eins og nú standa sakir milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins er öllum það ljóst að hjer er mikil hætta á ferðum fyrir landbúnaðinn. Eins og allir vita er slátturinn eða heyvinnan einhver veigamesti þátturinn í starfi landbúnaðarins það er því full þörf á framförum einkum í þeirri grein.

Á síðari árum hefir töluvert verið gert í þessa átt með heyvinnu vjelum. En þær eru enn ekki svo

fullkomnar að hægt sje að nota þar nema þar sem að skjell er. En eins og allir vita er landið okkar svo þýft að vjelarnar koma tiltölulega að litlum notum Það er því fullkomin þörf á frekari framkvæmdum. Mikill vafi getur leikið á því hvort mönnum tekst að finna upp heyvinnu vjelar er nota megi á þýfi i næstu framtíð. Verða því smáskref i áttina að nægja þangað til

Till þessarra sona skrefa er einmitt það sem eg hjer alla aðallega að gera að umtalsefni sem sje

Kappsláttur

Sjerhver maður sem einhvern snefil hefir af metn-aðar-girni finnur meira og minna til þeirrar longunar eða kendar að vera mestur. Þeim sem skar-ar framúr hlýtur að vera það viðfangsefni sem hver er mestur í sjerlega hugljúft. Aftur á móti langar þá er næstir honum standa að ná í hann og hatta oft og einatt ekki fyr en þeir hafa komist lengra en hann Þetta kemur af því að ef kepni er milli ein-hverra leggur hver og einn sig allann fram til að hafa yfir höndina Það er því oftast svo að hvert það verk sem ~~keft~~ kept er um tekur meiri framförum en ella

Orðið Kappsláttur bendir ótvírætt á að hjer er aðalmark



miðið að vera mestur og af áður ~~greindum ástæðum~~ nefndum orsökum er ekki van þörf á að lyfta slættinum með því kappi ofar en hann er nú

Kappsláttar hugmyndin er fremur ung hjer á landi og framkvæmdir enn yngri Fyrsti Kappsláttur sem háður var á landinu var á Hvítárbakka í Borgarfirði 1914. Hefir greinilega verið um hann ritað svo að þess gerist ekki þörf hjer. Siðan hafa nokkrir Kappsláttir verið haldnir en þó tiltölulega fáir.

Þýðing kappsláttar getur verið margskonar en venju-lega kemur hún aðallega fram i tvennskonar mynd-um. Fyrst og fremst eykur hann áhuga á slætt-inum af þeim ástæðum sem eg áður hefi nefnt

Í öðru lagi getur hann verið nokkurs konar skemti fundur Það hefir komið í ljós að á þau kappsláttar-mót sem haldin hafa verið hefir komið fjöldi fólks Kappsláttur-inn getur þá þannig verið áhrifa mikil og endur minninga rík skemti samkoma jafnframt nað sinu aðal mark miði auknum áhuga fyrir slættinum.

Dr Phil Guðm Finnbogason hefir ritað um þetta mál mjög merkilega grein í búnaðarritið það tekur hann til athugunar útbúnað orfa og ljáa og skýrir frá tilraunum því viðvíkjandi

Fyrsta atriðið er að verkfæri sjeu svo góð sem unt er
en til þess að bæta þau þarf góðar og vísindalegar til-
-raunir og þeirra er hagt að vænta frá fyrnefndum
manni.
Þetta mál er kjörið til að vera á dagskrá hjá
Ungmenna fjelögum það eru þau sem eiga að hrinda
þessu í framkvæmd og skapa þannig góða glaða.
og áhugasama sláttu menn
Svo framarlega sem hreint fornislenskt blóð
rennur í æðum hinnar ungu kynslóðar munu eftir
nokkur ár allir hafa það markmið að verða.
Sláttu kongur Islands. Mjer þætti mjög vænt um
það ef okkar litla fjelag yrði fyrst til að hrinda
þessu máli í framkvæmd innan sýslunnar en eigi
það að verða þarf að byrja strax

Guðm Jónsson

Nokkur orð um Sambands lögin
Vegna þess að eg er búinn að lesa sambandslögin
oft og hugsa mikið um þau þá ætla eg að segja
álit mitt um þau. Fyrst þegar eg las þau var það
seint um kvöld og var eg orðinn syfjaður þá líkaði
mjer vel mikið af þeim En eftir því sem eg las



þau oftar og hugsaði meira um þau þótti mjer þau
verri og verri og síðast þegar eg las þau þótti
mjer þau alveg ómöguleg.
Sambandslögin eru lítils virði fyrir okkur Is-
-lendinga en stór gróði fyrir Dani því eftir þeim
njóta þeir jafnrjettis við Islendinga hjer á Is-
-landi þeir geta notað auð sinn hjer eins og þeir
vilja og líka mega þeir veiða í landhelgi Islands
sem er fyskiauðugt og skip þeirra njóta sama rjett-
hjer sem íslendsk skip og afurðir þeirra skulu
eigi sæta óhagkvæmari kjörum en nokkurs annars
lands. En í staðinn njóta Islendingar jafnrjettis
við Dani í Danmörk og þeir fá að veiða í
danskri landhelgi sem er mjög fyskisnauð og skip
okkar ~~þeirra~~ njóta sama rjettar í Danmörk sem dönsk
skip, en Islendsku skipin sækja minna til Dan-
-merkur, en dönsku skipin til Islands. og afurðir
okkar skulu ei sæta óhagkvæmari kjörum í Danmörk
en nokkurs annars lands En Islendsku afurðirnar
sem fara til Danmerkur eru mikið minni en dönsku
afurðirnar sem koma til Islands Einnig hafa
Danir peninga slátt á hendi fyrir Islendinga
sem þeir græða á. Og svo fellur niður fjárhæðin
sem Danir hafa greitt okkur Islendingum sem er

60.000 krónur en þetta voru aðeins lítil fjörlegar
rentur af þeim höfuðstól sem við eigum hjá þeim
sem er vafalaust fleyri miljónir mjer finst Danir
ekki eiga þat skilið af okkur Íslendingum að við
förum að gefa þeim það hefði verið eins þarft fyrir
okkur Íslendinga ~~sem~~ sem erum fátæker að verja
þessu til framfara í landinu fyrst og fremst til
að bæta mentunina og líka samgöngurnar o. m. fl.
En fyrir allt þetta fá Íslendingar 1. miljón kr
sem er lögð við háskóla okkar til. að efla andlegt
samband milli Danmerkur og Íslands.
Og síðan kemur uppsögn sambandslaganna.
Eftir 1940. getur Ríkisþing og Alþingi hvenar sem
sem er krafist endurskoðunar á samningnum
en ef ekki er gerður nýr samningur innan 3ja ára
frá því krafan kom fram og getur þá Alþingi eða
Ríkisþing hvort fyrir sig samþykkt að samningurinn
sje úr gildi feldur en til þess þarf 2/3 þingmanna í
hvorri deild Ríkisþings eða sameinuðu Alþingi
að hafa greitt atkvæði með henni og síðan vera sam-
-þykkt við atkvæðagreiðslu ~~af~~ kjósenda þeirra sem
atkvæðis rjett hafa við kosningu til löggjafarþings
landsins og verða þá 3/4 atkvæðisbærra kjósenda að
hafa tekið þátt í henni og 3/4 atkvæða vera með



samningsslitum og er þá samningurinn fallinn úr
gildi. Til þess arna verður atkvæðagreiðslan að
vera vel sótt, og er vafasamt að hún verði það nema
Íslendingar verði búnir að fá nóg af sambúðinni við
Dani. Og síðasta greinin er hljóðar þannig
"Sambandslög~~in~~ þessi ganga í gildi 1. desember 1918."
en samningarnir voru undirskrifaðir af nefndar-
mönnunum 18. júlí sama ár. og eru þá hafðir
4½ mánuður til þess að kinna þjóðinni samningana
og líka til atkvæðagreiðslu. Það er auðsjeð á sam-
ningunum að dönsku nefndarmennirnir hafa það
fyrir augunum að auka rjett Dana á Íslandi.
En Íslendingar fá þetta fullveldis nafn í staðinn
sem er lítils verði í samanburði við alt hitt
Íslendsku nefndarmennirnir voru Jóh. Jóhannesson
Bjarni Jónsson. fr. Vogi Einar Arnórsson og Þorsteinn
Jónsson þessir menn eru vist taldir með fullu
viti, enn eftir Sambandslögunum getur það verið
mjög vafasamt

K.

## Skautaferðir að vetri

Fyrst eg var kosin í þessa ritnefnd þá datt mjer
í hug að minnast á hvort fjelagsmenn vildu ekki

studla að því að reynt væri að fá sjer skauta í sumar og maður reyndi svo að lífga upp fjelagsskapinn með því að fara á skautum að vetri því mjer fynst að skautaferðir að vetrinum gæti komið að sama gagni og leikir að sumrinu. Min meining er sú að þetta gæti lífgað upp fjelagsskapinn því ekki fynst mjer veita af því það gæti orðið til þess að menn sæktu betur fundi, og þó allir tækju ekki þátt í þessu þá býst eg við að þeim þætti gaman að því að horfa á skautamenn sprengmóða reyna sig hver í kapp við annann. Sömuleiðis fynst mjer ekkert á móti því ef þetta gæti hepnast að menn fengu sjer skiði eins og áður hefir verið minst á í þessu fjelagi

Teitný Guðmundsdóttir

Vísu helmingar sem óskað er eftir að verði botnaðir

I

Líður kvöld við gjetta skál
lipurt höldar ríma

II

Hrundar mynd við heimsins tál
hrekur lyndis annann

Jón Einarsson



Vísu botnar við vísu helminga er birtust í síðasta tölublaði 1. árgangs bl. Ásar

I

Óbilandi er hann þjóð
óðs á landi að byggja

II

Þegar lýsa ljóðin þín
ljúft er vísu að skrifa

Sigt. Benediktsson

Samstaðir botnar

I

Ýmsum fjandinn eykur tjón
ef á sandi byggja

II

Óðar prís um auðar hlín
~~eg mjer lí~~ er jeg vís að skrifa

Jón Einarsson

# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

2 árg. 1920 2 tbl.

## Um Sparsemi

Villimennirnir sem búa á úthafseyjunum, langt frá öllum mentuðum mönnum, vita ekki hvað sparsemi er. Þeir láta hverjum degi nægja sína þjáning, en hugsa ekkert fyrir morgundeginum. Þegar þeir t. d. veiða dýr, finna rekinn hval o. s. frv. þá halda þeir stórveislu og eta eins og þeir geta. En svo hirða þeir ekkert um afganginn og verða því ef til vill að svelta um lengri tíma á eftir. Líkt þessu var lifnaðar háttum mannanna varið, áður en mentunin hófst. En með mentuninni byrjar sparsemin fyrst. Þá fara einstöku menn að sjá, að eins nauðsynlegt er að hugsa fyrir morgundeginum eins og deginum í dag og byrja að geyma og safna. Aðrir taka þetta eftir þeim þegar þeir sjá hvað það er hyggilegt. Og þannig er grundvöllurinn lagður undir sparseminna.

Aðal grundvallaratriði sparseminnar er það, að eyða minna en maður vinnur sér inn

Þetta kann nú sumum ef til vill að virðast öfugt fyrir menn, sem hafa litlar tekjur en eiga fyrir stórri fjölskyldu að sjá. En í því fara þeir villt. Jeg skal játa, það að það fer að nokkru leyti eftir því hvað tekjur þeirra eru miklar, hvað mikið þeir geta sparað, en mest er það þó komið undir því hvort þeir vilja það eða ekki. Eins og ~~fyrir~~ eftir farandi saga sýnir, kemst það fljótt uppí vana að spara og veitist ljett þegar á annað borð er byrjað.
Einu sinni var stofnaður aura sjóður í London. á Englandi í því skyni að fátækir menn gætu geymt þar aura sína og látið þá ávaxtast. Kom fólk þegar í stórhópum til að leggja aura í sjóðinn. Í fyrstu lögðu ~~menn~~ sumir inn aðeins 10 au á viku, en eftir nokkurn tíma komu þessir sömu menn með 40–50 aura á viku, og þó höfðu á stæður þeirra ekkert breyst til batnaðar á þessum tíma.
Hið fyrsta sem sparsemin heimtar af oss er hófsemi því undir hófseminni er það að miklu leyti komið hvort vjer verðum rík eða hvort vjer verðum að berjast við fátækt og eymd alla æfi. Tökum t. d. tvo menn sem báðir hafa jafn miklar tekjur yfir árið. Annar þeirra er mjög óhófssamur hann eyðir fje sínu í allskonar óþarfa svo sem tóbak, vín, skrautgripi o. fl. hann vill láta fólk halda að hann sje ríkur og berst því afar mikið á. En sökum þess að tekjur hans eru ekki nægilega miklar verður hann bráðlega gjaldþrota



þeir sem áður þóttust vera vinir hans snúa nú við honum bakinu og enginn vill hjálpa honum svo hann verður það sem eftir er æfinnar að berjast við fátækt hinn maðurinn er aftur á móti hófsmaður.
Hann nýtir hvorki tóbaks nje víns eða annara skaðlegra nautna og eyðir heldur ekki fje sínu í gagnslaust og ónýtt prjál og hjegóma. Hann er góðgjörða samur og viðmóts þýður og berst lítið á. Afganginn af tekjum sínum leggur hann á sjóð eða í einhver nauðsinleg framfarafyrirtæki. Hófsami maðurinn gerir því tvenskonar gagn fyrst og fremst í fjárumunalegu tilliti og í öðru lagi í tilliti til þess að hann gefur öðrum gott eftirdæmi.
En óhófssami maðurinn getur gert það að verkum að aðrir leiðist út á sömu lastabrautina og hann, og verði ef til vill að miklu verri mönnum.
Eftir farandi saga sýnir hvernig reglusemi og sparsemi getur gert mann stórríkann. Sagan heitir „tóbakið og miljóna mæringarnir" og hljóðar þannig. Einu sinni voru 3 miljónamæringar staddir á veitingahúsi í Ameríku. Þeim var öllum boðið að reykja en enginn þeirra þáði það þegar þeir voru spurðir um ástæðu til þess þá kom sama svarið hjá öllum „Jeg reyki aldrei"
Það er augljóst af sögunni að menn þessir hafa verið hófsamir flestir að minsta kosti.

og hafa þeir efalaust átt það því að þakka hvað þeir
urðu ríkir.
Sumir reyktu lítið eitt í æsku, en vöndu sig af því þegar
þeir sáu fram á hve mikið tjón það gat gert þeim í
framtíðinni
Tóbaks nautn er mikil hjer á Íslandi og vín nautn
einnig talsverð enn þá sjerstaklega í kaupstöðunum
Íslendingar eyða mörgu jarðarverðinu í Tóbak vín
o.fl. og fyrir alt það fje mætti gera miklar umbætur hjer
sem nú verður að láta bíða fyrir skort á nægilegum
fjár framlögum. Það væri þó nokkur fjár upphæð sem
fimtugur maður ætti á sjóð ef hann hefði þegar hann var
tvítugur byrjað á því að leggja á sjóð alla þá peninga sem
hann mundi hafa varið í tóbak og vín og látið það fje
ávaxtast óskert þar til þessa tíma. Segjum að hann hefði
árlega lagt í sparisjóð kr 100,00 þá átti hann þegar hann
var 35 ára tæplega kr 2000,00 þegar hann var 45 ára rúml.
kr 4000,00 og þegar hann var 50 ára um 5½ þús kr
Það munaði margann um minna þó hann væri ekki blá-
snauður, hvað þá heldur fátæklingum sem á í vök að
verjast og lifir í basli og eymd
Hver einasti maður sem hefir nokkurn snefil af
heilbrigðri skynsemi, hlýtur að sjá hversu skaðleg öll
nautna og munaðar vara er bæði í fjármunalegu tilliti



og ekki síst í tilliti til heilsunnar. En það finst fyrst
áþreifanlega þegar reiknað er út hversu miklu fje það
nemur. Það er ekki nema eðlilegt þó fátækur maður sje vel-
gjörðamanni sínum hjartanlega þakklátur þeim manni
sem reynist honum eins og besti faðir hvernig sem á stendur
En þakklátari mætti hann vera þeim manni, sem leiddi
honum fyrir sjónir hve skaðleg öll munaðarnautn væri
og gæti komið honum til að hætta alveg við hana. Því auk
þess sem það sparaði peninga þá væri heilsu hans ekki eins
mikil hætta búin það sem eftir væri æfinnar og því fremur
líkindi til að hann yrði nýtari og þarfari í þjóðfjelaginu
en annars hefði orðið
Flestir sem byrja að brúka tóbak leiðast út í það svo að segja
hugsunarlaust sumir eru taldir til þess en aðrir gera það
bara til þess að fylgjast með og þykir það mannalegra
en þeir athuga ekkert hvaða afleiðingar það getur haft
svo þegar augu þeirra uppljúkast og þeir sjá yfir tjón sína
þá er það oft og tíðum orðið of seint, til þess þeir geti
hætt við það. Þá vantar þrek og vilja kraft til að geta
kastað fjötrunum af sjer. Þeir kæfa alt samviskubit og
sjálfsásakanir niður og þeir telja sjer trú um að þeir geti
ekki hætt við það og þá er heldur ekki von að þeir geti það.
En sannleikurinn er sá að þeir gætu það ef þeir vildu
og aðal atriðið er þá að þeir byrji á því

Það er oflast vëst að byrja, en „hálfnað er verk þá hafið er"
Jeg þekki mann sem hafði neytt munntóbaks í 40 ár
en hætti svo alveg við það og hefir varla smakkað það
síðann.
Hófsemin er fyrsti og mikilvægasti liður sparseminnar
annar liðurinn er hirðusemi með smá munina.
Það stóra verður úr því smáa. Hin einstöku snjó
korn mynda stórar fanndyngjur sandkornin mynda
við allu mikla sanda og hver vatnsdropi á sinn þátt í
því að mynda hinn ómælanlega heimshöf það er því
ægi síður þörf á því að hugsa um hið smáa heldur en
það stóra. Ef glæpamaður gleymir að þvo af sjer blóðblett
tínir smá hlut o.s.frv. getur það orðið til þess að hann
verði uppvís. Sherlock Holmes hinn frægi leynilögreglu
maður hagnitti sjer mjög oft smá atriði sem aðrir
álitu einskis virði til að koma upp um glæpa menn.
Einu sinni var það t.d. eldspíta sem hann fann er kom
honum á rjetta leið mætti nefna fleiri þessu lík dæmi.
Að vísu var maður þessi skarpskygnari en aðrir menn
en skarpskygni hans var í því fólginn að hann gaf
smá atriðunum meiri gaum en flestir aðrir.
Hirðuleysi í smá munum er eitt af því sem allir ættu að vara
sig á en sem flestir gera þó nægilega. Skip eitt lagði
af stað úr höfn en gleymst hafði að gera við lítinn



leka á því og svo það sökk á leiðinni. Það var hlaðið
aleigu kaupmannsins sem átti það, svo hann varð öreigi.
Hefði hann nú látið gera við lekann áður en skipið
lagði af stað, hefði allt farið vel. En fyrir þettað hirðuleysi
og óaðgætni fór nú eins og það fór. „Margt smátt gerir eitt stórt"
segir gamla máltækið og það er eitt af því sem spar-
semis maðurinn verður að hafa hugfast.
Hann má ekki gleyma því, að krónan verður til úr &
aurunum og ægi er síður vert að halda þeim saman en
krónunum. Einu sinni voru ný gift hjón.
Maðurinn drakk vín á hverju kvöldi þegar hann kom
heim frá vinnu sinni. Þá bað hans kona hann að gefa
sjer peninga svo hun gæti keypt sjer eitt staup á hverju
kvöldi. Maðurinn taldi þettað sanngjarna kröfu og gaf
henni 10 aura á hverju kvöldi. Ári síðar kom hann að máli
við konu sína og sagði: „Nú er ár síðan við giftum okkur
og við höfum ekkert lyft okkur upp síðan.
Gaman væri nú að geta farið skemtiferð en við höfum
enga peninga til þess." Gengur þá konan að skáp þar í
herberginu, tekur þar fram 365 tíeyringa og segir að þettað
sjeu staupin sem hann hafi gefið sjer. Skuli þau nú lyfta
sjer upp fyrir þau. Maður hennar varð glaður við eins
og nærri má geta, og hjet því að bragða ekki vín framar.
Efndi hann það heit vel.

Peningaupphæð sem gefur af sjer 4% á ári, tvöfaldast á 17 árum og nokkrum vikum, og því hærri sem árs vextir eru því fyr tvöfaldast upphæðin. Sá sem leggur 250 kr á sjóð sem gefur 4% ársvexti þegar hann er tvítugur á 1000 kr þegar hann er orðinn hálfsextugur ef hann skerðir hvorki renturnar nje höfuðstólinn.
Þá kemur nú þriðji og síðast liður sparseminnar, og ef til vill ekki sá þýðingarminsti. Hann er sá að nota tímann vel
„Notaðu tímann vel, því tíminn er peningar,"
segir Benjamin Franklin. Það verður aldrei of sögum sagt af verðmæti tímans, því það eru því miður fáir, sem gera sjer gellilega grein fyrir því hversu dýrmætur hann er eða hvað það er að eyða honum til ónýtis þeir sem verja tímanum illa eða til ónýtis misbjóða gáfum sínum og starfshæfileikum stórkostlega. Það er sorglegt að sjá ungt og efnilegt fólk eyða tímanum í óhóf og iðjuleysi og regna ekkert að gera sjálfum sjer eða öðrum til gagns regna ekkert til að þroska gáfur sínar og hæfileika og vinna að heill þjóðarinnar. Væri ekki betra fyrir þetta fólk að menta sig svo það geti orðið til gagns í þjóðfjelaginu? Það ætti ekki að láta nokkra stund ónotaða.
Rithöfundur hvaðst hafa ritað heila bók meðan hann beið eftir morgunverði. Þennann mann væri vert að hafa til fyrir myndar.



Þó má ekki skilja orð mín svo að maður megi aldrei líta uppúr störfum sínum, því að lifta sjer aldrei upp og ofbjóða kröftum sínum og heilsu er næstum svo skaðlegt sem iðjuleysið. Maður verður að taka sjer hvíld frá störfum sínum eins oft og þörf krefur eða þá að breyta eitthvað til með störf.
Að fara á sakláusar skemtanir og alskonar manna-mót er fjörgandi og hressandi auk þess sem það oft getur verið fróðlegt og sje það gert í hófi þá er þeim tíma vel varið sem í það fer. En að neita sjer um nóga hvíld og svefn er það sama og að taka inn seinverkandi eitur og slíkt gerir auðvitað enginn óvitlaus maður nema því að eins að hann viti ekki hvaða afleiðingar það hefur.
Þegar við höfum lært að nota tímann vel þá finnum við fyrst hvers virði hann er í raun og veru og getum fengið nokkra hugmynd um hve mikið peninga í tjón það er að eiða honum illa. Og þá mun oss ekki iðra þess að vjer höfum sjeð að oss í tíma og bætt ráð vort.

Björn. L. Jónsson

# Um skaðsemi Tóbaks

Alt Tóbak er skaðlegt hvort sem það er heldur tuggið reykt eða tekið í nefið ástaðan til þess að menn neyta Tóbaki er sú að það fær á þá deyfir og sljófgar. Efni það í Tobakinu sem hefur þessi áhrif kallast & Tóbaksolíu eða nikótín. nikotinið er banvænt eitur. Ef tekinn er af því einn dropi þá er hann nægur til að ~~deyða~~ deyða meðal hund. Einhverjum vísinda manni var einu sinni falið á hendur að rannsaka eitur er felst í Tóbakinu. Við tilraunina notaði hann smáa Tóbaksvindla (sikarettur) og náði úr þeim öllu eitrinu. Helmingnum af því eitri sem hann fann í einum smá vindli setti hann í heilbrigðan frosk áhrifin urðu þau að froskurinn dó undireins. Hinn helminginn setti hann í annann frosk sömu leiðis heilbrigðann og áhrifin urðu þau sömu.

Tóbakið hefir mjög skaðleg áhrif bæði á lungakerfið og andardráttar meltingar og skynjunar líffæri.

Tóbaksnautn kemur óreglu á blóðrásina veldur hjartaflötti sinnis sljófleik órólegum svefni illum draumum spillir meltingunni veldur stundum bólgusár og tæringu. hjartslátt veldur tóbakið þannig að það eykur starf semi hjartans og ~~brinar~~ að lokum allar reglulegar hreifingar ~~hans~~ þess. Tobaksnautn eykur aðstreymi af skemdu



eða óhreinu blóði til heilans og orsakar þannig sinnis sljófleik og fleiri heila sjúkdóma.

Stundum veldur Tóbakið einsog dynkjum í höfðinu og hita miklum í andlitinu og er það ótvírætt merki þess að þá sjeu æðarnar í höfðinu offyltar af skemdu blóði. Þegar menn tyggja tobak blandast tobaksolían saman við munnvatnið og skemmir svo magasafann og svo spýtir Tóbaksmaðurinn út er sjer miklu af munnvatni. Eins og gefur að skilja hefir þetta ekki svo lítil spillandi áhrif á meltinguna þar sem svo mikið af munnvatninu fer til ónýtis. En það er einmitt afar áríðandi að munnvatnið nái að blandast nógu mikið saman við fæðuna til að gera magasafanum ljettara fyrir með meltinguna því annars er hætt við að magasafinn hafi of mikið að gera og meltingarfærin bila því fyr en ella. Jafnframt sem hætt er við magakvefi og fleiri maga sjúkdómum leggur hún drög til krabbameins sem er banvænt

Fyrir stríðið var árlega varið 643 þúsund krónum fyrir vínföng og Tóbák til samans og er það miklu meira ~~en~~ sje en útgjöld landssjóðs voru þá árlega.

Og þar sem allar útlendar vörur hafa margfaldast í verði síðan, má geta nærri hvort það muni ekki nema nokkru sje núna. auk þess beina fjártjóns sem Tóbaksnautnin veldur

er heilsutjónið sem af henni leiðir sem hindrar menn frá
því að geta notið sín og gert það gagn sem skyldi
í þjóðfjelaginu. Það er auðvitað að vita til þess að
efnilegir unglingar sem líkindi eru til að gætu orðið
þarfir og dugandi menn skuli láta tælast af öðrum
til að neyta tóbaks sem hefir þær afleiðingar að þeir
verða ekki eins vandir að sóma sínum eftir sem áður
spillir þeim og afvega leiðir svo að þeir verða eftir
alt saman gagnslausir í þjóðfjelaginu.
Jeg hygg að eg fari ekki of langt í því að segja að
það gangi glæpi næst að tæla börn og unglinga sem
ekki hafa ráð á því og lítið vit hafa á þessu út á áfengis
og nautna brautina og gera þá þannig óhæfa til als nyt-
-legs og aðeins sjálfum sjer og öðrum til byrði og skap-
raunar. Eða hvað finst yður?

Jónas B. Jónsson

## Um íþróttir

Það er sjálfsögð skylda hvers manns að vernda og styrkja
heilsu sína af fremsta megni er íþrótta iðkun vafalaust
besta leiðin til þess. Íþróttir hafa verið stundaðar um
margar aldir. Forfeður vorir voru íþrótta menn miklir
enda voru þeir miklu harðfengnari og hraustari en fólk
flest nú á dögum. aðal íþróttir þeirra voru sund,



Glímur, stökk, hlaup, knattleikar og skotfimi.
Sund var afar mikið iðkað og það svo að jafnvel
þrælarnir voru syndir. Þótt mikið undir því komið
að vera þolinn sundmaður og geta verið lengi í kafi
í einu því oft reyndu þeir að færa hvorn annan í kaf
og halda sem lengst niðri. Fornmenn voru glímu-
-menn miklir og kom þeim það oft að góðu haldi
t. d. í bardögum þegar þeir mistu vopn sín þá gátu
þeir hlaupið undir mótstöðu mann sinn og neytt
glímunnar. Þá voru stökk einnig mikið iðkuð
t. d. stökk. Gunnar á Hlíðarenda hæð sína í öllum
hertygjum bæði aftur á bak og áfram. Hörður Grímkelsson
stökk yfir þrefaldann mann hringinn þegar óvinir hans
ætluðu að deyða hann. Þá var mikið stökk. Skarphjeðinn
er hann stökk 12 al yfir Markarfljót þar sem það
rann á milli skara. oft er þess getið í Íslendingasögunum
að í sjóorustonum stukku menn aftur á bak yfir slár á skip-
-unum til að forða sjer undan höggum óvinanna.
Hlaupagarpar voru margir í fornöld. Er þess oft getið að
menn hlupu langar leiðir með hesti hjá bónda sins,
án þess að veita það erfitt til muna. Knattleikur var
aðal skemtun ungra manna í forn öld. Komu menn oft
saman ~~til að~~ á vetrum til ~~að~~ leika á ísum eða
harðvelli. skotfimi og annann vopna burð æfðu

þeir mjög mikið, og var það nauðsynlegt sökum hinna sífeldu vígaferla og óeirða, sem þá áttu sjer almennt stað. Um það leyti sem Ísland komst undir Noregskonung hefur heldur verið farið að dofna yfir íþróttum. Hafa þær að mestu leyti legið í dái fram að síðustu tímum, að undanteknum glímunni. En nú er aftur farið að lifna yfir þeim til muna. Hafa margir áhugasamir íþróttavinir gengist fyrir því, að ✗ stofnuð hafi verið íþróttafjelög, svo sem: Sund, Glímu- og knattspyrnufjelög. Eru við og við haldin íþróttamót, til að glæða áhuga manna á íþróttum og nú er komið svo langt, að Íslendingar eru farnir að senda menn á Olympsleikana erlendis. Hafa þeir sýnt þar íslensku glímuna og útlendingar dáðst mjög að henni. Vjer Íslendingar eigum nú orðið marga góða íþróttamenn. Mætti þar fyrst nefna Jóhannes Jósepsson glímukappa hefur hann getið sjer mikinn orðstír erlendis sem íþróttamaður. Hefur hann sýnt íþróttir sínar á frægustu leikhúsum erlendis. Eitt sinni feldi hann í grísk-rómverskri glímu mesta glímukappa pólverja. Urðu þá áhorfendur svo æstir, að Jóhannes slapp naumlega út um glugga, undan ofsóknum lýðsins, og komst á glímuklæðunum einum til herbergja sinna.



tíma hinn besti knattspyrnumaður, sem Danir hafa haft er Íslendingur, að nafni Samúel Thorsteinsson. Af þessu sjáum vjer, að Íslendingar standa ekki að baki öðrum þjóðum hvað íþrótta hæfileika snertir en ástæðan til þess ~~er~~ að vjer Íslendingar stöndum að baki annara þjóða í íþróttum er skortur á áhuga framtakssemi og nægilegum fjárframlögum. Fram að þessum tíma hefur kvenfólk mjög lítinn þátt tekið í íþróttum. Hefur það verið talinn óþarfi að kvenfolk taki þátt í slíku. en þetta er hrapalegur misskilningur.

Ef nokkrum er þörf á að iðka íþróttir, þá er það kvenfólkinu, því það hefur yfirleitt minni hreyfingar úti við, heldur en karlmenn. Nú er kvenfólk víða farið að iðka íþróttir sjerstaklega sund og í fyrravor tóku tvær stúlkur þátt í kappsundi í Borgarfirði. En vonandi að þetta verði uppörvun fyrir ungar stúlkur að æfa sig svo að þær geti tekið þátt í opinberu kappsundi.

Íslendingar standa að sumu leyti betur að vígi hvað íþróttir snertir, heldur en margar aðrar þjóðir. Hið hreina og svala fjallaloft gerir það að verkum að vjer erum hraustari og heilsubetri heldur en fólk í þeim löndum sem loftið er heitara og verra, og í miklum iðnaðarlöndum þar sem mikið er af verksmiðjum; svo reykurinn úr þeim blandast saman við andrúmsloftið og gerir það óheilnæmt.

Íslendsku velvarnir eiga einnig drjúgann þátt í því að gera oss hraustari og heilsu betri. Íþrótta iðkun er öllum mjög nauðsinleg ekki síst þeim er litla hreifingu hafa úti við t.d. mörgum embættismönnum, skrifstofuþjónum o.s.frv. Sundið tel eg þó einna þýðingarmestu íþróttina því oft eiga menn líf sitt undir sund kunnáttu sinni, og margir hafa mist lífið vegna þess að þeir kunna ekki að synda. Auðvitað er þó best að iðka sem flestar íþróttir því þá er síður hætta á að nokkur vöðvi verði afskiftur

Jóhann Fr. Jónsson

## Molar

Láttu ekki nátt vetrarins hafa vald yfir sál þinni, bittu hugann við vorkomuna sólin á gnægð geisla að verma þín vona blóm, liftu huganum til ljóssins því þar er vegur gæfunnar.
Þó allir þínir dýrustu æsku draumar hafi brugðist þjer þá máttu ekki leggja hendur í skaut þjer og hafast ei að, heldur setja markið hærra, leggja hugdjarfur í baráttu lífsins, þá er sigur þinn vís.
Lífið hefur meira að bjóða af unað en auðn, guðs eðlið í sál þinni skal starfa nýjir draumar nýjir straumar



skalu ~~rsaa~~ þrek andans svo hjellara verði að afkasta verkinu, Lífið er dýrðlegt því alstaðar sem þú lítur sjerðu meistaraverk alheims skorarans, öllu er ætlað sitt verk alt skal starfa.
Þú ert einn af meistaraverkum guðs, hann hefur gefið þjer hæfileikana til að skynja mátt sinn. Beittu því hæfileikum þínum rjett.
Öll framsókn í lífinu er sólar megin, en þar er líka brekkan mest, með einbeittum viljakrafti verður því að klífa brattann sverðu þig í ætt við ernina stefndu að efsta tindinum.

Myrkur. Því heldur þú þessu dauða haldi í myrkrið því hjúpar þú sál þína rökkur slæðu, athugaðu hættur myrkursins þær sljógvar sálina og alla hennar framsóknar þrá. Himinn hugsjóna þinna verður skýjum hulinn þú eygir hvergi þín framtíðar lönd. Hrintu frá þjer myrkrinu, láttu á geisla brot vera leikans og haltu þjer stöðugt á þeirra braut, þá blasa við þjer sólland framtíðarinnar ónumið. Beittu plógunum með dug og dáð ryddu þjer braut að framtíðarlandinu þar munu þínar draumsjónir rætast.
Því sólar megin og hvergi annarstaðar skilur þú lífs köllun þína.

Jón Einarsson

# Ísar
## Blað U. M. F. Framtíðin

2 árg 1920 3 tbl.

### Leitið að listinni

„Listir mætti víða líta vildu menn gjöra að gá."
Flestir menn geta verið efni í listamenn að einhverju leyti; því sannleikurinn er að æði margt má nefna því nafni: Venjulega er ekki annað talið listir en t.d. málaralist, myndhöggvaralist, söngslist og því um líkt, og yfirleitt eru þeir menn einir taldir listamenn er hafa svo mikla afburða listhæfileika að þeir þroskast af sjálfu sjer og knýja svo manninn fram til starfa. Yfirleitt eru menn ekki að hnýsast í insta eðli barnanna jafnvel ekki sinna eigin barna; en slíkt er alveg rangt. Oft getur verið lítill en góður og listhæfur neisti falinn í brjósti barnsins, sem þyrfti að glæða og þroska. En sje þessi neisti ekki fundinn, verða örlög hans optast þau að hann visnar og deyr í harðviðrum lífsins. Hvenær þarf maðurinn frekar leiðbeininga við en einmitt á barnsárunum — Aldrei — Hvenær ætti að sje hættara að útrýma því sem miður er gott í eðli mannsins en glæða aftur og þroska það sem er gott, göfugt og nytsamt en einmitt meðan hann er barn — Aldrei —
Við mannlegar verur ættum því að hafa hugfast



hversu mikil nauðsyn ber til þess fyrir alt og alla að við reynum að skyggnast sem lengst inn í hið hulda Og grafa sem dýpst, þegar við gröfum, til þess að geta náð í kjarnann. Oft hefi eg heyrt menn segja um ýmsa hluti að þeir væru lista vel gjörðir, og slíkt heyrist jafnvel oft sagt um sum af okkar daglegu störfum. Mjer virðist því að listin gæti verið í mörgu falin ef menn aðeins vildu leyta að henni og þroska hana að verðleikum

Reykjum 20 júní 1920

Kristín Kristjánsdóttir

### Mannfundir

„Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur
er gleðin skín á vonar hýrri brá"
Segir skáldið okkar Jónas Hallgrímsson. Það er áreiðanlegt að hver sá sem langar til að koma sem mestu áleiðis um æfi sína, verður hann að ásetja sjer það fastlega og það á hverju sem gengur, að vera mildur öruggur vongóður hjálpfús og glaður. Það er nóg til af bölsýnu og hund-leiðu fólki, sem flakkist í heiminum og lætur sem lífið sje tóm vonbrigði
Menn eyða heilsu- og tauga-stofni sínu á margvíslegan

hátt. Margir eyða ótrúlega miklu með óþarfa áhyggjum og skapvonsku.
Áhrif þau sem þetta hefur á hinn smágerða og veikbyggða mannslíkama, eru blátt áfram voðaleg.
Jeg álít að þegar maður verður þess var að það fer að liggja illa á manni, fjörið og ánægjan dofnar, áhuginn hverfur á vinnu þeirri sem maður á að hafa um hönd þá má nokkurn veginn telja það víst að maður þarf einhverrar hressingar ~~við~~ með — að heilsan er ekki í sem bestu lagi.
Það er þá nauðsinlegt að ljetta sjer upp. En hvernig?
Jeg álít að góðir mannfundir sjeu mjög hafir til að taka þunglyndið af mönnum. Þegar talað er við glaðlynda menn og skemtilega getur ekki hjá því farið að gleðin yfir stígi þunglyndið. Maður með sólskins lund sem laðar alla að sjer og hrindir engum frá sjer, er ómetanlegur
Það vilja allir þeislega vera með glaðlyndum mönnum.
Þeir opna fyrir hafnarlaust þær dyr sem aðrir er síður eru gleðinni gæddir eiga mjög erfitt með að hafa upp eða geta als ekki. Jeg hef altaf verið latur að sækja fundi og mjer finst jeg vera það enn. Jafnframt hefur mjer orðið það ljósara að mannfundir eru nauðsinlegir eða einhver upplettins. Menn sem altaf vinna hvíldarlaust fara svo að þeim fer að líða ~~betur~~ ver en áður og dofna að störfum
Þeir skrænla upp og líf þeirra verður efnislaust og leiðinlegt



En það er oft að metnaðarríkum mönnum hættir við að kasta sjer svo yfir vinnu sína að þeir gefa sjer engann tíma til að hvíla sig nje ljetta sjer upp, til breyting~~ar~~leysið drepur orkuna þessvegna er breyting hinn mesti velgjörningur við uppgefinn heila Það er hin mesta heimska að reka eftir sjálfum sjer þangað til heilinn neitar að vinna af ofþreytu og uppgefnu gáfurnar gera uppreisn. Hvaða gagn er í því að vinna þegar alt hið innra með manni er í ólagi
Þegar heilinn og tauga kerfið er orðið svo örmagna, að þreytu-merkin sjást á öllu sem þau gera, og alt gengur þunglamalega og stirt? Jeg er nú ekki mikill gleði maður, en eigi að síður veit eg það. Ef ungir menn fara ekki gætilega með andlegt og líkamlegt starfsþol sitt ~~og~~ og gæta þess ekki frá upphafi að varast alt það sem ~~maður~~ getur svift þá heilbrygðri sál í heilbrygðum líkama og stoltu lífsmagni þá megnar ekki alheimsins metnaður og veglakraftur að vernda hann frá óförum. Góðir mannfundir hafa mjög nytsöm áhrif á mann til batnaðar. Það hefur einnig mjög mikinn kraft í sjer til að breyta lífinu til batnaðar, að reyna altaf að vera í góðu skapi, þýður, vingjarnlegur, nærgætinn, hvað þungt sem eitthvað annað kann að liggja á huga mans.

Páll. Kristjánsson

# Þingvellir

Laugard. 21 júní 1919 lagði jeg af stað til R-víkur. Bar mjer margt fyrir augu í þessari ferð sem mjer var nýlunda að sjá. Fyrst vil jeg nefna einn stað sem mjer þótti markverðastur. Þessi staður er Þingvöllur. Þriðjudagskvöld kom jeg á Þingvöll og ætlaði nú að hafa augun hjá mjer til að líta hina fögru velli sem jeg var búinn að smíða mjer. Vonin brást jeg get ekki kallað það velli þó að það sjeu sljettir blettir hjer og þar. Það má líka dæma það af sögunni því mjer finst líklegt að kapparnir hefðu ekki farið að ómaka sig á Hoffmannaflöt til að sýna íþróttir ef þeim hefðu líkað vellirnir á Þingvöllum

Þrátt fyrir það er þetta víðburða mesti staðurinn á landinu og er vel þess verður að ~~x~~ kynna sjer hann betur, en margur gerir. Jeg hafði ekki nema 4 tíma til að skoða staðinn og er það stuttur tími til að kynna sjer hann vel.

Veður var bjart og gott svo að mjer varð fyrst fyrir að ganga upp á barma Almannagjár, til þess að geta notið útsýnisins sem best. Útsýnið virtist mjer mjög tilkomu mikil og margt hefi jeg sjeð fagn einkennilegt landslag og þar

Þessu næst skoðaði jeg hinar fornu búðatóftir sem sjást mjög ógreinilega merki fyrir, samt nóg til þess að minna á hinar fornu hetjur.



Þar blasir enn í dag við saga forfeðranna.

Þar sáum við fótspor þeirra. Þar ~~og~~ finnum við andartök þeirra. Þá skoðaði jeg Lögberg sem ~~var~~ merkasti staðurinn á Þingvöllum ásamt dómstóftunum og Lögrjettu. Lögberg er lítill blettur á milli tveggja gjáa. Heitir gjáin önnur Flosagjá sem er að vestan og Nikulásar gjá að austan. Þessar gjár eru báðar stórar og hrikalegar t.d. ef silfurpening er kastað niður í gjána sjest hann líða niður í gegnum blátært vatnið uns hann eygist ekki.

Fyrir vestan Flosagjá móts við lögsögumannshól er stór og breið lögð með grasi ~~vöxnum~~ vöxnum mosaflóm Er þar hallalaust og gott að sitja þótt mikill mannfjöldi væri. Vestri barmurinn á Lögbergi er talinn vera víst 5 álnum hærri enn barmurinn vestri á Flosagjá gagnstætt Lögsögumannshól

Fyrir austan Nikulásar gjá gagnvart Lögsögumannshól er líkt farið landslagi og á Lögbergi. Á móti hólnum er berghæð þakin þykku mosalagi, enn þegar ~~undur~~ frá henni dregur lækkar eins og á Lögbergi. Þar er og grasi vaxin lögð og er það auðvitað að hjer mundi allhentugur staður fyrir tilheyrendur að heyra frá Lögbergi þar sem sú gjá er meira en helmingi mjórri enn sú vestari gjáin. Þó hafa menn talast við yfir Flosagjá og talið

heyrt allvel, sem líklegt er þar sem gjáin er ekki talin nema tæpir 8 faðmar á breidd
Náttúran hefur komið mörgu einkennilega fyrir á Þingvöllum svo að hún lætur mann taka eftir flestu ~~flestu~~ sem að augað eygir. Ætti að telja það alt upp og lýsa yrði það of langt mál. Þingvellir er hinn forni alþingisstaður Íslendinga þingstaður í 900 ár og er miður að hann er það ekki enn. Það var af hagsýni að Þingvöllur varð ekki aftur þingstaður — Það er nú komin hreyfing á það mál að vernda Þingvöll. En þar eða enginn staður á landinu hefir að undanförnu sætt því líkri niður niðslu og hverskonar yfirtroðslum og virðingarleysi fyrir guðs og manna lögum. Er það illa farið um slíkann stað. Mjer finst hver sannur Íslendingur ætti að gera sjer að skildu að koma og skoða með sínum eigin augum svo minningarríkann og heilagann stað —
Mannvirkin þótti mjer til komu minst á Þingvöllum og als ekki í samræmi við hið tilkomu mikla útsýni

Páll Kristjánsson



## Hvort er betra að vera ánægður eða óánægður með sjálfan sig

Þegar oss dettur þessi spurning í hug, hlýtur önnur að gjósa upp í huga vorum hvað erum við sjálfir? Erum við eintómur líkami? Erum vjer nautnir og sjálfstæðisleysi? eða erum við viljalaust verkfæri, er algjörlega lýtur annarra stjórn? Nei, vjer erum ekkert af þessu. Vjer sjálfir erum hið góða í oss — samviskan. Hún er ekki aðeins sá leiðsögumaður sem leiðir oss brautina fram, ef vér viljum fylgja henni, heldur lyftir hún oss oft og einatt er vjer höfum rangt aðhafst. En það er öðru nær en að rödd samviskunnar sje einvöld í oss því miður. Það eru svo ótal margar raddir aðrar, sem tala oss oft og einatt út af brautinni, úti fen og foraði.
Eg hefi heyrt marga halda því fram að betra væri að vera óánægður, en ánægður með sjálfann sig. Sanna þeir mál sitt með því að telja þá menn ferari í öldusjó lífsins og leggja sig betur fram til að ná takmarkinu. Myndi það gera nokkurn mann framsóknar færari og betri, sem er óánægður með sjálfan sig — óánægður við sinn innri mann. En það getur enginn verið nema hann finni sig að meiru eða minna leyti sekann í því að hafa látið falskar raddir yfirbuga sína eigin
Og hvað leiðir svo af því? Er það ekki þessi gamli og nýi auðvirðilegi hugsunarháttur: fyrst svona er komið fyrir mjer, er þá ekki sama hvar lendir? Og það er einmitt þessi hugsunarháttur

sem árlega steypir mörg þús. ungra og efnilegra manna niður í
hyldýpi nautna og ósjálfstæðis– þeirra eigin helvíti
Ef eg byrja á einhverju verki sem mjer tekst að einhverju leyti
í byrjun þá er mjer svo að segja sama hvernig því reiðir af.
En gangi mjer vel byrjunin, vanda eg mig meir og meir eftir því
sem nær dregur takmarkinu
Af framansögðu hlyt eg að álykta: Sá sem er óánægður með
sjálfan sig og verk sín hann snýr baki við hæsta tindinum
og hendist ofan fjalshlíðina. En sá sem er ánægður með sjálfan
sig og verk sín hann klifur brattann og kemst oft og tíðum
að lokum upp hæstu draumsjónatinda æskumannsins

Torfalæk í maí 1920
Guðm. Jónsson

## Til fróðleiks og skemtunar

Eg tel það nauðsynlegt að við og við birtist smá greinar í blað-
inu okkar með fyrir sögn "Til fróðleiks og skemtunar"
Um nytsemi þessara smá pistla þarf ekki að fjölyrða því það
vita allir að oft finnast meiri fróðleiksmolar í þeim en löngum
greinum

—"—"—

Það er vísindalega sannað að rauðhærðar stúlkur draga meira
að sjer karlmenn en aðrar. Þær eru haldnar hafa mýkra



hörund og meira aðlaðandi og hrífandi framkomu.

—"—"—

Sú skoðun hefir lengi ríkt hjá almenningi að
heimurinn væri 6000 ára gamall.
Slíkt er auðvitað helber vitleysa því það er sá tími sem
áreiðanlegt er að mennirnir hafa lifað á jörðinni
Vísinda menn vita auðvitað ekkert með vissu um aldur
jarðarinnar.
Sumir jarðfræðingar hafa giskað á að jörðin væri
72 milj. ára gömul og þykir það fremur of lítið en mikið
Þá ættu þessi 6000 ár frá framkomu mannsins á
jörðinni að vera eins og 12 sek. úr sólarhring

Guðm Jónsson

# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

2 árg 1920 — 4 tbl.

### Sundurlausar hugsanir um æskuna

Til að fullnægja skildum mínum við blaðið „Ásar„ að senda því línu alla eg að minnast lítil lega á æskuna
Hjá flestum mun æskan vera dýrðlegasti tími æfinnar, þegar til baka er litið er þar afar lega mikið af björtum geislum, fögrum minningum og fullkomnu sakleysi,
Við skulum bera saman vorið og æskuna, allir fagna vorinu ekki síst æskan, þroski æskusálarinnar er svo líkur þroska náttúrunnar
Blómin lifna og njóta ylsins og þroskans þau þekkja ekki annað en birtu og sól.
Æskan starfar og nýtur í sakleysi framsókn hennar starfar að huldum veruleika hún málar sjer myndir eftir liðna tímanum sem er þrungin af lífsgleði hreinum leikjum og mildum hlátrum,
Í gegnum ljettleikann óvar æskuna fyrir alvörutímunum en hún hefur ekki þroska til að skilja þann rauna veru-leika fyr en jafnóðum og hann kemur fram.
Viðsem njótum og höfum notið æskunnar skulum geima vel allar þær göfgu og hreinu minningar sem hún eftirlætur okkur.



Efalaust á það eftir að gleðja okkur marga stund í framtíðinni að baða sálina í endurminningum æskunnar.

Elinborg. Guðmundsdóttir

### Nokkur orð um Sambandslögin

Í 1 tbl. 2 árg-bl. „Ásar" birtist grein með þessari yfirskrift Er þar gert lítið úr hinu hagsmunalega gildi Sambandslaganna fyrir Íslendinga, en aftur á móti reynt að gera sem mest úr ókostum þeirra og því sem Danir græða á þeim Reynir greinarhöf. að sýna fram á að hvorju leyti þau sjeu „ómögu leg", eins og hann kemst svo fallega að orði um þau
Greinarhöf kveður Sambandslögin lítils virði fyrir Íslendinga en stórgróða fyrir Dani. Máli sínu til stuðnings minnist hann á jafnrjettisákvæðin samkv. 6 gr. og telur full-veldis nafnið lítils virði í samanburði við þau
En jafnrjettisákvæði þessi voru skilyrði af Dana hálfu fyrir því að orðið gæti úr samningum milli Dana og Íslendinga. Hefðu því Íslendingar ekki gengið að þessum skilyrðum var ekki nema um tvent að gera fyrir þá annað hvort hefðu þeir orðið að láta alt sitja við það sem áður var eða af því hefði leitt skilnað milli landanna

Hefðu Íslendingar t. d. viljað lýsa yfir skilnaði við Dani og þá
viður-kenningu annara ríkja þó er engin vissa fengin fyrir því
að skilnaðurinn hefði náð fram að ganga, og svo er einnig
ósannað hvort skilyrði þau væru hagfeldari, sem þeir er viður-
-kendu oss, hefðu sett oss. Hefði aftur á móti alt látið sitja
við það sem áður var hefðu Danir haft öll þessi rjettindi um
óákveðinn tíma en vjer ekkert í staðinn
Ennfremur ber þess að geta að Íslendingar geta sett ýmsar
þær takmarkanir í löggjöf sína t. d. þessa löggjöfina sem
geri Dönum erfiðara fyrir að koma sjer niður hjer og nota
auð vald sitt eins og þeim lýst. Auk þess eru þessi ákvæði
eins og auðvitað allur samningurinn uppsegjanleg að 23 árum
liðnum, svo komi það nokkurn tíma til að Danir setjist að
hjer á landi sem ekki er nú út lit fyrir enn sem komið er
þá hafa þeir ekki þessi rjettindi lengur en til ársins 1943
Greinar höf. getur þess að Danir hafi á hendi peninga stálltu fyrir
Íslendinga sem þeir (Danir) græði á. En nú geta Íslendingar
tekið hana í sínar hendur þegar þeir vilja, svo það er þá ekki nema
framtaksleysi þeirra sjálfra um að kenna ef þeir láta ~~þettað~~ við
gangast til lengdar
Hvað viðvíkur þeim 60,000 kr sem Danir hafa ~~at~~ árlega
greitt. Íslendingum en sem nú eru fallnar niður þá verða
renturnar af þessi miljón kr sem fellur undir yfirráð
Íslendinga, ekki mikið fyrir neðan þá upphæð. Auk þess



eiga íslenskir stúdentar sam-kv. 6. gr. 1. málsgr. rjett til
námstyrks af þeim miljón kr. sem fellur undir yfirráð Dana
Svo virðist sem greinarhöf. beri kvíðboga fyrir því, að þegar
til samningsslita komi, eftir 1943, fáist ekki nægilega
mikið þátttakan í atkvæðagreiðslunni til þess að hægt
verði að fella samninginn úr gildi. En í þessu efni þarf
hann ekkert að óttast. Íslendingar eru ~~al~~ alveg sjálfráðir
um það hvernig þeir haga til atkvæðagreiðslunni hjá sjer.
um það eru þeim engin takmörk sett það má því setja
svo marga kjörstaði í hverjum hreppi sem þurfa þykir,
til þess að allir geti sótt. Einnig má taka fleiri en einn dag
til atkvæðagreiðslu, svo kjósendur geti farið til skiftis af heim-
-ilum sínum. Einnig má láta kjósendur greiða atkvæði á heim-
-ilum sínum. Og í fjórða lagi ef þátt þætti ekki nægilega
tryggt mætti skilda menn til að greiða atkvæði; að viðlögðum
háum sektum, eins og dæmi eru til sumstaðar í útlöndum
Svo kemur nú tími sá, sem þjóðin hafði til að kynna sjer málið
og til atkvæðagreiðslu. Það er ómögulegt að neita því að þessi
tími 4½ mánuður var nokkuð stuttur þegar um svona stór mál
var að ræða. En ófriðurinn sem þá stóð yfir og þar af leiðandi
nauðsyn íslensku þjóðarinnar á því að fá hlutleysi sínu sem
fyrst lýst yfir meðal ófriðar þjóðanna, leyfði ekki að hafa
þennan tíma öllu lengri. Einnig bætti það mikið úr skák
að á þessum tíma ~~þ~~ komu út tveir bæklingar um Sambands-

-lögin sem upplystu mikið báðar hliðar þeirra, svo menn gátu betur áttað sig á þeim eftir en áður.
Í enda greinar sinnar segir greinarhöf. að eftir Sambands-lögunum að dæma, geti leikið vafi á því hvort íslenzku nefndarmennirnir sem skrifuðu undir þau, sjeu með öllu viti. Sje þetta sannfæring greinarhöf., sem eg efast stórlega um, þá þykist eg hafa fullgilda ástæðu til þess að halda að hann sje sjálfur ekki með fullu ráði; því eg álít að íslenzku nefndar-mennirnir hafi staðið svo vel í stöðu sinni, að aðrir ~~hafi~~ hefðu ekki gert það betur, og eg hygg að Íslendingar væru ekki að neinu leyti betur staddir nú, þó að þeir sem mest hafa barist á móti Sambandslögunum hefðu fengið að ráða.

Björn S. Jónsson



Efnisyfirlit 1. og 2. Árgangs


| | Blaðsíðu Tal | Nöfn |
|---|---|---|
| 1. árg | 1 | |
| Nokkur orð um stofnun bladsins | 3 | Jón Einarsson |
| Kvöldþankar | 5 | Sigtrg Benidiktsson |
| Kaupstaða og sveitalíf | 7 | Anna Guðmundsdóttir |
| Fall Grettis Ásmundssonar | 10 | Páll Kristjánsson |
| Stundvísi | 21 | Jón Magnússon |
| Nokkur orð um Íslenzku Glímuna | 25 | Einkur Magnússon |
| Vormorgun | 27 | Sigurþeir Björnsson |
| Ómur – brot – Kvæði | 29 | Jón Einarsson |
| Nokkur orð um skáklist | 30 | Guðm Jónsson |
| Samtiningur | 33 | Guðm Sigurðsson |
| Sund | 36 | Elinborg Guðmundsdóttir |
| Ómur – brot – Kvæði | 37 | Jón Einarsson |
| Vísuhelmingar | 38 | Jón Einarsson |
| Framtíðar horfur | 39 | Sigurður Erlendsson |
| Verkefni | 41 | Vigdís Björnsdóttir |
| Svar við spurningu | 44 | Jón Einarsson |
| Vísuhelmingar | 46 | Sigtrg Benediktsson |
| 2. árg | 47 | |
| Kappsláttur | 49 | Guðm Jónsson |
| Nokkur orð um Sambandslögin | 52 | Karl Benidiktsson |
| Skautaferðir að vetri | 55 | Teitný Guðmundsdóttir |
| Vísu-helmingar | 56 | Jón Einarsson |

# Efnisyfirlit 2. árg

Framhald


| Efni | Blaðsíðu tal | Nöfn |
|---|---|---|
| Vísu helmingar | 57 | Sigtryg Benediktsson |
| Vísu helmingar | 57 | Jón Einarsson |
| Um sparsemi | 59 | Björn L. Jónsson |
| Um skaðsemi tóbaks | 68 | Jónas B. Jónsson |
| Um íþróttir | 70 | Jóhann Fr. Jónsson |
| Molar | 74 | Jón Einarsson |
| Lítið að listinni | 76 | Kristín Kristjánsdóttir |
| Mannfundir | 77 | Páll Kristjánsson |
| Þingvellir | 80 | Páll Kristjánsson |
| Hvort er betra að vera ánægður eða óánægður með sjálfan sig | 83 | Guðm. Jónsson |
| Til skemtunar og fróðleiks | 84 | Guðm. Jónsson |
| Sundurlausar hugsanir um æskuna | 86 | Elínborg Guðmundsd. |
| Nokkur orð um Sambandslögin | 87 | Björn L. Jónsson |


Jón Einarsson



# Ásar

## Blað U.M.F. Framtíðin

3. Árgangur 1921

Ritstj. Jón Einarsson